



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. apríl 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði. 752. mál, þingskjal 1184.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi og lýsa ánægju sinni yfir þeirri viðurkenningu sem komin er fram á rétti barna til að ákvarða kyn sitt sjálf.

Barnaheill sendu umsögn um drög frumvarpsins þegar það var í samráðsferli í samráðsgátt stjórnvalda. Í þeirri umsögn var ekki minnst á ákvæðið til bráðabirgða sem kveður á um að ráðherra skipi starfshóp til að fjalla um málefni barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni. Slíkt ákvæði er vissulega skref í rétta átt en eins og áður, er það þó að mati samtakanna galli á frumvarpinu að ekki sé tekin skýr afstaða gegn óafturkræfum aðgerðum á ungabörnum sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni.

Ítrekað er að það er í hróplegu ósamræmi við efni frumvarpsins að enn sé heimilt að framkvæma aðgerðir sem eiga að taka af skarið um kyn barnsins, án samráðs við barnið sjálft, þ.e. áður en barnið hefur tækifæri til að tjá sig um vilja sinn og vissu um hvers kyns það er. Ef aðgerð til „leiðréttingar“ á kynfærum barns er framkvæmd er hún óafturkræf og því brot gegn rétti barnsins til að ákvarða eigið kyn. Þau dæmi eru auðvitað sýnu verri þegar aðgerð er framkvæmd á þann veg að kynfæri eru löguð að röngu kyni.

Minnt er á að Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur lýst því yfir í lokaathugasemdum sínum til margra ríkja að það brjóti gegn mannréttindum barna að slíkar aðgerðir séu heimilar og framkvæmdar. Til að mynda í lokaathugasemdum til Danmerkur árið 2017 sem finna má [hér](#).

Nýlega gaf Evrópuþingið frá sér yfirlýsingu um réttindi Intersex fólks þar sem slíkar ónauðsynlegar aðgerðir eru fordæmdar og hvetur þau ríki Evrópusambandsins sem ekki hafa lagt bann við þeim til að gera það hið fyrsta. Sjá vefslóð á yfirlýsinguna [hér](#).

Einnig má nefna að Evrópuráðið gaf frá sér yfirlýsingu árið 2017 sem hafði að geyma áskorun til aðildarríkja Evrópuráðsins um að leggja bann við ónauðsynlegum og óafturkræfum aðgerðum á intersex börnum án samþykkis þeirra. Sjá vefslóð á yfirlýsingu Evrópuráðsins [hér](#).

Barnaheill skora á Alþingi að bæta við frumvarpið ákvæði sem leggur bann við ónauðsynlegum og óafturkræfum aðgerðum á intersex börnum án samþykkis þeirra.

Að öðru leyti styðja Barnaheill við efni frumvarpsins en á það má benda að heppilegra væri að hafa umfjöllun um ofangreint í athugasemdum við frumvarpið.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.